

Mál nr. 268/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 24. júlí 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 19. ágúst 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. ágúst 2025.

Málsatvik.

Ágreiningslaust er að M hafi, hinn 14. apríl 2025, orðið fyrir frítímaslysi er hann féll af hestbaki. Afi M, X, sem er með lögheimili á sama stað og M, er með í gildi fjölskyldutryggingu hjá V. M byggir á því að hann sé vátryggður samkvæmt þeirri vátryggingu, þar sem hann sé ógift barnabarn og haldi sameiginlegt heimili með ömmu sinni og afa. Hann hafi átt heima hjá þeim frá barnsaldri og sé fóstursonur þeirra enda hafi þau alið hann upp að mestu. Þar sem M sé ógift barn heyri hann í raun undir vátrygginguna. Verði hins vegar talinn einhver vafi á túlkun skilmálanna að þessu leyti beri að líta til þess að um sé að ræða skilmála sem séu einhliða samdir af V og allan vafa um túlkun þeirra beri því að meta M í hag, sbr. andskýringarreglu 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í 1. gr. skilmála fjölskyldutryggingar sé tæmandi talið hverjir séu vátryggðir samkvæmt henni. Þar sem M sé barnabarn vátryggingartaka falli hann ekki þar undir. Engin gögn liggi fyrir um það að M sé fósturbarn vátryggingartaka, en jafnvel þó svo væri séu fósturbörn ekki meðal þeirra aðila sem taldir eru upp í ákvæðinu.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M sé ógiftur og hafi búið hjá afa sínum og ömmu frá barnæsku. Skipti aldur hans ekki máli varðandi það hvort hann falli undir skilgreiningu á barni og séu engin aldursmörk tilgreind í skilmálum. Því geti fullorðnir einstaklingar verið „börn“. M sé þá „barna barn ömmu sinnar og afa og því barn þeirra í þeim skilningi.“ Er þá áréttað að óskýrleika í skilmálum verði að túlka M í hag.

Álit.

Hið umþrætta skilmálaákvæði 1. gr. skilmála viðeigandi fjölskyldutryggingar er svohljóðandi: „Vátryggðir eru vátryggingartaki, maki hans eða sambylismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.“

Óumdeilt virðist að M eigi lögheimili á sama stað og vátryggingartaki, þ.e. afi hans, og ekki liggur annað fyrir en að heimilishald þeirra sé sameiginlegt. Hins vegar er ljóst af ákvæðinu að það dugir ekki til svo M falli undir vátryggingu X.

Barn er samkvæmt skilgreiningu 1 mgr 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 „einstaklingur yngri en átján ára“. Í framangreindu skilmálaákvæði er hins vegar talað um „ógift börn“ og þar sem lágmarksaldur hjónaefna, sbr. 7. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, er 18 ár verður að líta svo á að vátryggingarvernd taki til eldri „barna“ en átján ára, að því gefnu að þau séu ógift, eigi sama lögheimili og búsetustað og vátryggingartaki og haldi sameiginlegt heimili með honum.

Þrátt fyrir að ákvæðið tiltaki ekki að um börn vátryggingartaka eða maka hans þurfi að vera að ræða verður þó að túlka það sem svo að einhvers konar forsjártengsl þurfi að hafa verið milli þeirra og viðkomandi barna, þannig að öll „ógift börn“ verði ekki felld undir vátrygginguna að því gefnu að önnur skilyrði séu uppfyllt. Verður þó ekki fallist á þá þröngu túlkun V að fósturbörn, s.s. í skilningi VII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002, geti ekki fallið undir vátrygginguna, svo og stjúpborn og börn sem eru aðeins líffræðileg börn annað hvort vátryggingartaka eða maka hans. Vissulega færi betur á því væri framangreint orðað með skýrari hætti í viðkomandi skilmálaákvæði en að mati nefndarinnar er þó ótækt að túlka ákvæðið með þeim hætti að nægilegt sé að um „ógift barn“ sé að ræða.

Eins og áður segir er það því mat nefndarinnar að einhvers konar formleg umsjárskylda þurfi að hafa verið til staðar svo ógiftur einstaklingur sem deilir lögheimili og heimilishaldi með vátryggingartaka

njóti verndar samkvæmt váttryggingunni. Í tilviki M er ekki sýnt fram á slík tengsl en aðeins liggur fyrir frásögn M um það að hann sé í raun uppeldis- eða fóstursonur afa síns og ömmu. Í því samhengi er rétt að geta þess að samkvæmt 90. gr. barnaverndarlaga er gert ráð fyrir því að foreldrar sem sjálfir taka ákvörðun um að vista börn sín utan heimilis tilkynni barnavernd um dvöl barns hjá vandamönnum sé henni ætlað að standa í tólf mánuði eða lengur. Má því ætla að eitthvað skjalfest lægi fyrir um slíka ráðstöfun hafi hún farið fram.

Af öllu framangreindu leiðir að M verður ekki talinn njóta verndar samkvæmt váttryggingunni og verður því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir